



Íbúaráð Reykjavíkurborgar

### ***Niðurstöður kosninga í Hverfið mitt - íbúaráð Laugardals***

Til upplýsinga til íbúaráða Reykjavíkurborgar.

Kosning í Hverfið mitt fór fram frá 30. september og lauk þann 14. október á hádegi. Met voru slegin í öllum hverfum Reykjavíkurborgar í kosningaþátttöku. Kosningaþátttakan var 16,4% í allri Reykjavík og í Laugardal var þátttakan 17,9%.

Hér má sjá þau verkefni sem voru kosin til framkvæmda í Laugardal. Þetta bréf er sent til upplýsinga um þær tillögur sem hlutu kosningu og síðan er stefnt að því að kynna verkhönnun verkefna fyrir íbúaráði í janúar 2022.

- Bætt lýsing á stígum í Laugardalnum
- Jólaland í Laugardalnum
- Ærslabelgur
- Trjágróður við Sæbraut
- Gróðurbætur við Sæbraut
- Fleiri bekki í hverfið
- Bætt lýsing við Laugarnesskóla
- Yfirbyggður grillskáli í Laugardalnum
- Sjósundaðstaða á Laugarnestanga
- Jólaljós á Skeiðarvog
- Almenningsgarður með aðgengi fyrir alla
- Aparóla
- Endurbæta körfuboltavöll við Laugarnesskóla
- Betri grenndarstöð á horni Kleppsvegur og Hjallavegar
- Upplýsingaskilti um náttúru og skipulag Laugardals
- Skákborð

Upprunalega var verkefnið útgönguleið úr suð-austurenda Fjölskyldu og Húsdýragarðs meðal kosinna tillagna en það verkefni er þegar komið til framkvæmda og verkefnið skákborð kom næst inn.

Bestu kveðjur

Eiríkur Búi Halldórsson